

Nd.

603. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járn-sand (Volcanic Sand).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um að veita einkarjett til þess að hagnýta sjávarsand á Hjeraðsflóa.

2. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Ráðherra Íslands veitist, um 5 ára skeið, heimild til að veita innlendum mönnum eða fjelögum einkarjett um 50 ár til þess að hagnýta sjer á þann hátt, er þeim er hagkvæmast, sjávarsand hverskonar sem er, fyrir innan landhelgis-línuna á Hjeraðsflóa, og að vinna járn úr honum hjer á landi, þó eigi nær landi en 60 faðma fyrir utan landhelgislinuna.

Einkaleyfi þetta skal þó eigi veitt nema ráðherranum sje afhent greinileg áætlun um, hvernig sandvinslunni skuli fyrir komið, og hvað kostar að koma fyrirtækinu á fót, full trygging fyrir því, að nægt veltufje fáist til þess að koma fyrirtækinu á fót og að reka það, svo og trygging fyrir því, að fyrirtækið verði sett á stofn samkvæmt áætluninni.

3. Við 2. gr.

Greinin falli burt og breytist greinatalan samkvæmt því.

4. Við 3. gr.

Greinin orðist svo:

Nú er einkaleyfi veitt, og fyrirtækið að visu komið á fót, en ekki rekið samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt leyfinu upp, en gefa skal hann einkaleyfishöfum eins árs frest til þess að kippa því í lag, sem ábótavant er.

5. Við 4. gr.

Greinin orðist svo:

Í einkaleyfinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa eftirlit með stjórn, rekstri og reikningshaldi fyrirtækisins og á þess kostnað.

6. Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, sem lög þessi heimila, greiði einka-leyfishafi 50 aura í landssjóð fyrir hverja lest (tonn) af járnefni því, er hann vinnur úr sandinum á landi, en 1 krónu fyrir hverja lest, ef hann tekur járnefnið úr sandinum á sjó.

Ef sandurinn er fluttur til útlanda óunninn, skal gjaldið til landssjóðs vera 50 aurar fyrir hverja lest.

7. Við 7. gr.

Orðin »hvar sem er á landinu« falli burt.

8. Við 8. gr.

Á eftir orðunum: »Þegar einkaleyfistíminn er úti« komi:
eða einkaleyfishafi hefir mist rjett sinn samkv. 2. gr.